

# REGLUGERÐ KSÍ

## um aðgönguskírteini

### 1. gr.

#### *Gerðir skírteina*

- 1.1. Knattspyrnusamband Íslands gefur út eftirfarandi aðgönguskírteini, sem heimila ókeypis aðgang að knattspyrnuleikjum sem hér segir:

Aðgönguskírteini A, sem gildir á alla leiki í mótum á vegum KSÍ og landsleiki KSÍ innanlands.

Aðgönguskírteini DE, sem gildir á alla leiki í mótum á vegum KSÍ og landsleiki KSÍ innanlands.

Aðgönguskírteini PD, sem gildir á leiki í Pepsi-deild karla.

Aðgönguskírteini 1D, sem gildir á leiki í 1. deild karla.

Aðgönguskírteini 2D, sem gildir á leiki í 2. deild karla.

Aðgönguskírteini 3D, sem gildir á leiki í 3. deild karla.

Aðgönguskírteini 4D, sem gildir á leiki í 4. deild karla.

Aðgönguskírteini KV, sem gildir á leiki í Pepsi-deild kvenna.

Aðgönguskírteini 1KV, sem gildir á leiki í 1. deild kvenna.

Aðgönguskírteini F, sem gildir á alla leiki aðra en landsleiki

- 1.2. Knattspyrnusambandið skal halda skrá yfir útgefin aðgönguskírteini og skal hún aðgengileg aðildarfélögum.

- 1.3. Framkvæmdaraðili leiks getur krafist þess, að réttihafar skírteina sæki aðgöngumiða gegn framvísun skírteinis og gilda þá ekki aðgönguskírteinin sjálf. Slíkt fyrirkomulag skal auglýst í fjölmiðlum.

### 2. gr.

#### *Réttihafar skírteina*

- 2.1. Aðgönguskírteini A skal gefið út til formanna knattspyrnudeilda sem taka þátt í landsdeildum, stjórnar KSÍ og annarra aðila skv. ákvörðun knattspyrnusambandsins, alls að hámarki 200 skírteini.
- 2.2. Aðgönguskírteini DE skal jafnframt gefið út til eftirlitsmanna, lands-, héraðs- og unglingadómarara, sem luku a.m.k. 15 störfum árið áður eða 20 störfum á undangengnum tveimur árum. Unglingadómarar á fyrsta starfsári skulu þó fá aðgönguskírteini DE að loknum 10 störfum.
- 2.3. Aðgönguskírteini sem gilda einungis á deildaleiki skal gefið út til leikmanna, starfsmanna og stjórnarmanna hvers félags, alls 35 skírteini á félag á leiki í viðkomandi deild. Heimilt er að gefa út að auki allt að 20 skírteini (án myndar) til hvers félags í viðkomandi deild ef samkomulag er um slíkt milli allra félaga í viðkomandi deild.
- 2.4. Aðgönguskírteini F skal gefið út til fulltrúa fjölmiðla að fenginni umsögn frá Samtökum Íþróttafréttamanna í samræmi við nánari reglur þar um.

### 3. gr.

#### *Notkun skírteina*

- 3.1. Aðgönguskírteini gildir aðeins fyrir réttihafa þess. Aðeins skal gefa út eitt aðgönguskírteini á einstakling.

- 3.2. Misnotkun skírteinis getur haft í för með sér innköllun á því. Óheimilt er að gefa út önnur aðgönguskírteini, sem gilda um allt land, en um er getið í þessari reglugerð.

*4.gr.  
Útgáfa*

- 4.1 Skrifstofa KSÍ annast útgáfu aðgönguskírteina í umboði KSÍ. Öll skírteini sem gefin eru út skulu vera með nafni réttihafa, ásamt mynd (sbr. þó ákvæði 2.3.) og raðnúmeri.
- 4.2 Félög skulu senda skrifstofu KSÍ nafnalista og myndir fyrir 1. maí ár hvert.
- 4.3 Skrifstofa KSÍ sér til þess að félög fái skrá yfir handhafa skírteina áður en mót hefst og að félögum sé send uppfærð skrá ef ný skírteini eru gefin út eftir að keppnistímabil hefst.
- 4.4 Framkvæmdastjórnar ÍTF og KSÍ hafa eftirlit með 4.1-4.3 og leggja fyrir stjórnir beggja félaga greinargerð um útgáfuna að loknu keppnistímabili.

*5.gr.  
Gildistaka*

- 5.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini.

*Samþykkt af stjórn KSÍ 15. júní 2017*